

FÓKUS

Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

ÁRSSKÝRSLA 2015/2016

Síðasta starfsár var stjórn Fókus þannig skipuð:

<i>Formaður</i>	Guðjón Vilhjálmsson
<i>Ritari og varaformaður</i>	Anna Hafberg
<i>Meðstjórnendur</i>	Erla Björnsdóttir
	Ingvar Hjálmarsson
	Birna Björg Másdóttir
	Lilja Björk Kristinsdóttir

Fræðslufundir og ráðstefnur

Starfsárið 2015-2016 var með hefðbundnu sniði. Faghópurinn stóð fyrir einum hádegisfundi í apríl og heilbrigðisráðstefnu í febrúar.

Þann 15. apríl var haldinn hádegisfundur í samvinnu við faghóp um opinbera þjónustu undir yfirskriftinni „Er þetta heilbriggt“. Þar var fjallað um opinberar upplýsingagáttir en þrátt fyrir að það hafi verið stefna stjórnvalda að þróa eina miðlæga þjónustugátt fyrir einstaklinga og fyrirtæki hafa margar stofnanir þróað sína eigin lausn. Umræðan um samræmda hönnun, samskipti milli ólíkra kerfa og val á auðkenningarleiðum var því þörf. Fimm fyrirlesarar gerðu grein fyrir stöðu mála.

Fyrstur talaði Hörður Helgi Helgason, lögmaður hjá Landslögum. Hann fjallaði um auðkenningaleiðir sem notaðar eru í þjónustugáttum í dag og hvernig mætti nýta nýjan áhættustaðal til að velja rétta auðkenningarleið. Því næst fjallaði Birgir Finnsson, tölvunarfræðingur hjá TM Software um stöðu rafrænna samskipta innan heilbrigðiskerfisins. Í máli hans kom fram að oft er þörf fyrir dýpri samtengingu á milli kerfa heldur en þjónustugáttir geta boðið upp á. Þorsteinn Sverrisson frá Advania hélt fyrirlestur sem bar heitið „Er þörf fyrir millilag?“ og fjallaði um ávinninginn sem felst í því að huga að uppbyggingu vel hannaðra millilaga sem tengja saman mismunandi upplýsingakerfi. Á eftir Þorsteini steig Björn Sigurðsson frá forsætisráðuneytinu í pontu. Fyrirlestur hans fjallaði um opinbera þjónustugátt Breta, gov.uk. Hann sagði frá tilurð gáttarinnar, hvernig staðið var að þróuninni og þeim ávinningi sem sú vinna hefur skilað. Síðasti fyrirlesari fundarins var Hjörtur Grétarsson frá Þjóðskrá Íslands. Titillinn á hans erindi var „Allar þessar gáttir, hver eru vandamálin og hver eru tækifærin?“. Hjörtur fór vítt og breitt um sviðið og taldi upp þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir, orsakir þeirra og loks þau tækifæri sem bjóðast ef við höldum rétt á málum.

Árleg heilbrigðisráðstefna Fókus var haldin 17. febrúar. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Er heilbrigðiskerfið tilbúið fyrir rafræna framtíð?“ og var umfjöllunarefnið hvernig heilbrigðiskerfið getur tekið í sína þjónustu þær tækninýjungar sem spröttið hafa fram á síðustu árum. Einstaklingar eru nú í auknum mæli að nota ýmiskonar tæki til að fylgjast með eigin heilsu, t.d. með því að safna margskonar heilsufarsmælingum, skrá hreyfingu og aðrar mikilvægar upplýsingar er tengjast lífsstíl. Eins hefur krafan um aðgengi einstaklinga að eigin sjúkraskrá orðið sífellt háværari. Fókus fékk til liðs við sig sjö fyrirlesara til að fjalla um viðfangsefnið frá mismunandi sjónarhóli.

Ólafur Andri Ragnarsson, aðjúntk við Háskólann í Reykjavík flutti opunarávarp þar sem hann fjallaði um þá samfélagslegu þróun sem er að eiga sér stað í heiminum í kjölfar nýrrar tækni. Oddur Steinarsson, framkvæmdastjóri lækninga á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum sögðu frá því hvernig þessi þróun horfir við þeim og hvaða tækifæri og hættur eru samfara þessari nýju tækni. Julian Ranger stofnandi Digi.me sagði frá þeirri þróun sem er að eiga sér stað í heiminum varðandi aðgengi sjúklinga að eigin sjúkraskrá. Við fengum svo þrjá fyrirlesara, Erlu Björnsdóttur, Helgu Arnardóttur og Erlend Egilsson til að segja frá þjónustum sem eru í boði til að þiggja meðferð og fylgjast með eigin heilsu í gegnum smáforrit og vef.

Fundarstjórn var í höndum Ástu Thoroddsen.

Lokaorð

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf á árinu, fyrirlesurum þeirra framlag og þátttakendum fyrir komuna.

Stjórn Ský fær einnig sérstakar þakkir fyrir gott samstarf.

Reykjavík 23. Febrúar 2016, Guðjón Vilhjálmsson, formaður Fókus.